

MAGNIVA **PLATINUM 2**

*Virkir bakteríustofnar: L. hilgardii CNCM I-4785
og L. buchneri NCIMB 40788*

**HENTAR Í VOTHEY MEÐ HÁTT
SYKURINNIHALD ÞAR SEM
ÞÖRF ER Á STUÐNINGI VIÐ
VERKUNARFERLIÐ**



NÁÐU TÖKUM Á FÓÐURGÆÐUNUM MEÐ **MAGNIVA PLATINUM 2**

FÆRIR ÞÉR ÁÐUR ÓÞEKKTAN STÖÐUGLEIKA OG SVEIGJANLEIKA

Slægja með hátt innihald auðgerjanlegra sykra og miðlungs þurrefnishlutfall (þE) getur verið erfið viðureignar þegar kemur að verkun og loftfirrðum stöðugleika. Þetta á einkum við sykurrikt gras og annað orkuríkt vothey.


MAGNIVA Platinum 2 markar ný viðmið þegar kemur að gerjun og loftfirrðum stöðugleika fyrir orkuríkt vothey þar sem hinn einstæði, einkaleyfisskyldi bakteríustofn, *Lactobacillus hilgardii* CNCM I-4785, er hagnýttur:



Lægra PH



Minna þurrefnistap vegna skemmda og hitnunar



Minni gersveppamyndun og mygla



Bætt fóðurnýting

MAGNIVA PLATINUM 2: SVONA VIRKAR ÞAÐ

KNÝR GERJUNARFERLIÐ	EYKUR FÓÐURGILDI	EYKUR STÖÐUGLEIKA FÓÐURS VIÐ GJÖF	MEIRI SVEIGJANLEIKI VIÐ GJÖF	ÆTLAÐ FYRIR
+++++	+++++	+++++	+++++	Sykurrika grasslægju með meira en 30% þE þar sem von er á áskorunum vegna ónógrar loftfirrtrar gerjunar.

Með innihaldi og ein- og fjölgerjandi bakteríustofna, styður **MAGNIVA Platinum 2** við hraðari varðveislu í upphafi um leið og það hjálpar til við að draga úr hitamyndun og skemmdum við gjöf.

L. HILGARDII CNCM I-4785 OG L. BUCHNERI NCIMB 40788: BETRI Í SAMEINGU

VIRK INNIHALDSEFNI

L. hilgardii CNCM I-4785
100 000 CFU/g votheys

L. buchneri NCIMB 40788
100 000 CFU/g votheys

P. pentosaceus NCIMB 12455
100 000 CFU/g votheys

LYKILEIGINLEIKAR

Í sameiningu bæta *L. Hilgardii* CNCM I-4785 og *L. Buchneri* NCIMB 40788 loftfirrðan stöðugleika eftir aðeins 15 daga verkun – sem er einkar gagnlegt þegar þörf er á að gefa af nýrri uppskerru fljótlega eftir slátt og til að tryggja stöðugleika fódurs á fóðurgangi. Samsetning vörunnar dregur úr gersveppamyndun og mygla.

Knýr upphaf gerjunarferlisins, sem tryggir góða sýrumyndun og góða verkun.



STÖÐUGLEIKI FYRR

Í tilraunum með maísheilsæði (29% þE) hefur **MAGNIVA Platinum 2** náð fram loftfirrðum stöðugleika sem nam 43 klukkustundum á aðeins **10 dögum**. Eftir **30 daga annarsvegar og 92 daga** hinsvegar hefur stöðugleiki verið 219 og 201 klukkustund, þ.e. tíminn sem votheyð getur staðið óvarið á fóðurgangi án taps.

AF HVERJU SKIPTIR ÞETTA MÁLI?

Hröð verkun skapar svigrúm til að fóðra á nýrri uppskeru fyrr en ella, án tilheyrandi taps.

STÖÐUGLEIKI LENGUR

Eftir **92 daga** verkun jókst stöðugleiki votheys súdangrass um 240 klukkustundir með notkun á **MAGNIVA Platinum 2** í samanburði við viðmið.

AF HVERJU SKIPTIR ÞETTA MÁLI?

Vothey hitnar mun síðar þegar það er gefið á fóðurgang, sem viðheldur lyst og áti og þar með nyt.


DRAGDU ÚR VEXTI GERSVEPPA

MAGNIVA Platinum 2 stýrir gerjun eftir að rúlla er opnuð. Efnid dregur marktækt úr gersveppavexti eftir 10 til 92 daga verkun samanborið við viðmið. **MAGNIVA Platinum 2** dró jafnframt úr þurréfnistapi eftir 30-150 daga verkun samanborið við prófanir þar sem bakteríustofnarnir *L. Buchneri* 40788 og *L. Hilgardii* CNCM I-4785 voru notaðir einir og sér. Samsetning og samspil stofnanna er því lykilatriði.

AF HVERJU SKIPTIR ÞETTA MÁLI?


Útkoman er meira vothey af betri gæðum til fóðrunar.

Stöðugleiki maísheilsædis (29,0% þE)




Polukis SA, et al., University of Delaware, USA

Stöðugleiki súdangrassvotheys (27,0% þE) eftir 90 daga verkun




Arriola KG, et al. University of Florida, USA

Hlutfall gerssveppa í maísheilsæði



Polukis SA, et al., University of Delaware, USA

Verkunartap, vothey (37,5% þE)



University of Turin, Italy

MAGNIVA PLATINUM 2: AUKINN STYRKUR MEÐ NÝRRI TÆKNI



Til að svara mikilli afkastagetu í nútímaheyskap og tryggja jafna dreifingu efnisins er **MAGNIVA Platinum 2** byggt á tækni sem eykur virkni og styrk í upplausn (HC), lausn þróuð af Lallemand Animal Nutrition.

- Aukinn stöðugleiki í lausn sem gefur jafnari dreifingu
- Mikill leysanleiki gefur betri blöndun
- Viðurkenndar lausnir fyrir búnað sem vinnur með lága skammta
- Hægt að blanda í mismunandi vökvamagn

OKKAR LOFORD – ÞAÐ SEM ER Á MIÐANUM ER Í POKANUM!

Gæðastýringarkerfi Lallemand Animal Nutrition er með því öflugasta sem þekktist. Við framleiðslu er ströngum gæðakerfum fylgt í þaula með það að leiðarljósi að tryggja hreina gæðavöru.

Fyrir leiðbeiningar um blöndun skal fylgja upplýsingum á merkimiða vörunnar. **MAGNIVA Platinum 2** endist í 24 mánuði frá framleiðsludagsetningu, í upphaflegum umbúðum á þurrum og köldum stað (< 4°C).

MAGNIVA Platinum 2 er fánlegt í 100 gramma pokum sem meðhöndla 100 tonn af fersku grasi.

Skoðaðu www.QualitySilage.com fyrir nýjustu upplýsingar á sviði votheysverkunar.



MAGNIVA PLATINUM VÖRULÍNAN - ÍBLÖNDUNAREFNI FYRIR VOTHEY MEÐ HÁU ÞURREFNISINNIHALDI SEM ERU LÍKLEG TIL AÐ GLÍMA VIÐ VANDAMÁL TENGD STÖÐUGLEIKA:

MAGNIVA
PLATINUM 1

1 LAUSN:

Fjölgerjandi bakteríur

Fyrir vothey með háu sykurinnihaldi, t.d. maísheilsæði

Fjölgerjandi bakteríur

Hefur áhrif á gerjun við gjöf, sem minnkar hitamyndun og skemmdir

MAGNIVA
PLATINUM 2

2 LAUSNIR:

Fjölgerjandi bakteríur

Eingerjandi bakteríur

Fyrir tiltölulega sykurrikt vothey þar sem von getur verið á áskorunum við verkun, t.d. sykurrikt gras eða maísheilsæði með lágt þurrefnisinnihald.

Eingerjandi bakteríur

Knýja fyrri hluta verkunar sem tryggir hraðari verkun og varðveislu

MAGNIVA
PLATINUM 3

3 LAUSNIR:

Fjölgerjandi bakteríur

Eingerjandi bakteríur

Ensím

Fyrir vothey með lágt sykurinnihald og hátt próteininnihald þar sem verkun getur reynst erfð t.d. í grasi og votheymi með háu hlutfalli smára eða annarra belgurta.

Ensím

Brjóta niður tréni til að auka gerjunarhæfni og gera sykrur aðgengilegar

Fylgið ávallt leiðbeiningum á pakkningu. Notkun íblöndunarefna bætir ekki upp fyrir óvönduð vinnubrögð. Mikilvægt er að geyma og meðhöndla efnin með réttum hætti til að tryggja eiginleika. Vörunar ætti ávallt að geyma í ísskáp og nota skal pakkann í heilu lagi.

Framboð vara er misjafnt milli markaðssvæða.

LALLEMAND ANIMAL NUTRITION ■ SPECIFIC FOR YOUR SUCCESS

www.lallemandanimalnutrition.com

LALLEMAND